

## AUGLÝSING

### um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

#### *Fossatunga 17-19.*

Breytingin varðar aðeins lóðina Fossatungu 17-19 og felur í sér að hæð húss er hækkuð um 70 sm, fer úr 8 m í 8,7 m. Aðrir skilmálar skipulagsins eru óbreyttir.

#### *Lundur í Mosfellsdal.*

Skipulagið tekur til lögbýlisins Lundar í Mosfellsdal, L123710. Skipulagssvæðið er tæpir 10 ha. Breytingin felur í sér tilfærslu byggingarreita og sameiningu þeirra. Innan skipulagsins má byggja tvö íbúðarhús með bílskúrum að hámarki samanlagt 850 m<sup>2</sup>, gróðurhús og tengda starfsemi að hámarki 21.000 m<sup>2</sup>, tilraunagróðurhús 2.500 m<sup>2</sup> og smáhýsi fyrir starfsmenn samanlagt 600 m<sup>2</sup>.

Ofangreindar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 29. júní 2020,*

**Kristinn Pálsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2020